

aðal-póstisins frá Reykjavík, og snýr þegar aptur til *Odda*. Þegar póst-taskan kemur frá Vestmannaeyjum að Ljótastöðum, skal henni komið svo snemma að *Odda*, að hún komist á aðal-póstinn á leið hans til Reykjavíkur.

19. **Rangárvallasýslupóstarnir** eru tveir:

- a. Fer annar frá *Ási* í Holtum, þegar eptir komu aðal-póstisins þangað frá Reykjavík, að *Skarði á Landi* og snýr þaðan aptur að *Ási*.
- b. Hinn fer frá *Odda*, þegar eptir komu aðal-póstisins þangað frá Reykjavík, um Stórolfshvol að *Teigi í Fjótshlíð* og þaðan aptur sömu leið að *Odda*.

20. **Árnessýslupóstarnir** eru fjórir:

- a. Hinn fyrsti fer frá *Kotströnd í Ölfusi*, þegar eptir komu aðal-póstisins þangað frá Reykjavík, að *Úlfjótuvatni í Grafningi* og snýr þaðan aptur að *Kotströnd*.
- b. Annar fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstisins frá Reykjavík, um *Arnarbæli í Grímsnesi* og *Mosfell* að *Torfastöðum* í *Biskupstungum* og þaðan aptur sömu leið að *Hraungerði*.
- c. Hinn þriðji fer sömuleiðis frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstisins frá Reykjavík, um *Ólafsvelli* að *Reykjum á Skeiðum* og þaðan aptur sömu leið að *Hraungerði*.
- d. Hinn fjórði fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstisins frá Reykjavík ofan á *Eyrarbakka*, og snýr þaðan aptur daginn eptir að *Hraungerði*.

Reykjavík, 27. nóvember 1893.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Auglýsing

um

póstmál.

Eptir fyrstu ferð landpóstanna 1894 verða auk tímabreytinga þær breytingar á pósthöngunum, er nú skal greina:

A, snertandi viðkomustaði aðalpósta:

1. Vestanpóstur fer um *Ögur*, en kemur ekki í *Vigur*.
2. Seyðisfjarðarpóstur kemur við á *Hálsi* í Fnjóskadal.

B, snertandi aukapósta:

1. Mýrasýslupósturinn fer á veturna (í 1.—5. og 12.—14. ferð) um *Borg* á *Mýrum* í *Kórunes*, og kemur þá ekki við í *Borgarnesi*.
2. Í 1.—5. og 12.—14. pósthöngunum fer nýr aukapóstur frá *Ólafsvík* kringum *Snæfellsjökul* að *Búðum*, og mætir þar aukapóstinum frá *Rauðkollstöðum*, sem í þeim höngum fer ekki lengra.
3. Aukapósthöngurinn frá *Arngerðareyri* að *Kálfnesi* í *Steingrímsfirði* hafa verið felldar burt, en
4. aukapósthöngurinn frá *Bæ* í *Króksfirði* að *Kálfnesi* breytt þannig, að pósthöngur þessi fari frá *Bæ* eptir komu aðal-póstisins frá *Ísafirði* á suðurleið.
5. Hinum fyrra *Strandasýslupósti* hefur, auk þeirra viðkomustaða, er áður voru, verið gjört að koma við á *Óspakseyri* í *Bitru* og á *Skarði* í *Bjarnarfirði*.

106

6. Hinum öðrum Skagafjarðarsýslupósti hefur verið gjört að fara um hinn nýja brjefhirðingastað *Garð* í Hegranesi.
7. Fjórði Skagafjarðarsýslupóstur (frá Lóni) kemur við í *Viðvík* í báðum leiðum.
8. *Pingeyjarsýslu*-póstunum hefur verið breytt þannig, að aukapósturinn frá Vopnafirði fari þaðan sama dag og Seyðisfjarðarpósturinn á að fara frá Akureyri, og mæti aukapóstinum frá Grenjadarstað á *Skinnastöðum*, í stað þess, eins og áður, á Raufarhöfn.

C. Þessar brjefhirðingar verða stofnaðar:

1. Í Kórunesi (Straumfirði).
2. Á Búðum.
3. Í Vatnsfirði.
4. - Ögri.
5. - Garði í Hegranesi.
6. Á Hálsi í Fnjóskadal.

Reykjavík 27. nóv. 1893.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

107

Landshöfðinginn yfir Íslandi

kunngjörir: Samkvæmt lögum nr. 1, 3. jan. 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, og samkvæmt frumvarpi, sömdu af bæjarstjórn Ísafjarðar-arkaupstaðar, er hlutadeigandi amtmaður hefur til mín sent, er hjer með gefin út og sett eptirfylgjandi

Lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað,
er öðlast gildi 1. dag aprilmánaðar 1894.

I. Kaffi.

Um reglu og velsæmi á götum.

1. gr.

Uppbot eða mannsöfnuður, sem raskar reglu eða tálmar umferð á götu, vegi eða svæði, sem eru til almennings afnota, má ekki eiga sjer stað.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á götum, vegum eða strætum, sem almenningur fer um, svo og við kirkjudyr og dyr annara húsa, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eptir fyrirmælum lögregluvaldsins til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á alfaravegi, stræti eða svæði má ekki fljúgast á, blístra, æpa, kalla, syngja hátt, eða hafa annan hávaða eða ofsalegt og móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar þá, sem um fara, eða nálægt búa.